

Skólaráð Lundarskóla

Síðasti fundur skólaráðs skólaárið 2012 – 2013, mánudaginn 2. september, 2013

Mættir:

Skólastjórnandi: Elías Gunnar Þorbjörnsson

Fulltrúar foreldra og grendarsamfélags: Gestur Geirsson, Ingibjörg Elíasdóttir boðaði forföll.

Fulltrúar starfsfólks: Þróstur Már Pálmason, Guðrún Brynja Sigurðardóttir, Soffía Steinunn Garðarsdóttir

Dagskrá:

1. Síðasti fundur skólaráðs

Elías fór stuttlega yfir störf skólaráðs og að þetta væri síðasti fundur þessa skólaráðs. Nýtt skólaráð tekur til starfa mánudaginn 7. október. Í framhaldinu var rætt um skipun nýs skólaráðs og að fulltrúi grendarsamfélags yrði valinn á fundi hverfisnefndar 12. september. Fulltrúar kennara Lundarskóla verða Alda Stefánsdóttir og Þróstur Már Pálmason, Valgerður Davíðsdóttir verður fulltrúi annars starfsfólks. Enn er ekki ljóst hverjir verða fulltrúar nemenda, foreldra og grenndarsamfélagsins en líklegt er að Gestur Geirson verði áfram.

2. Framkvæmdir á starfstíma skóla

Rætt um framkvæmdir á starfstíma skóla, skólaráð er sammála því að ekki sé boðlegt að framkvæmdir við skólahúsnæði dragist langt fram á haustið. Skólastjóra falið að koma þessum skilaboðum á framfæri við fasteignir Akureyrar.

3. Gangstígur á milli Lundarskóla og KA

Ganga þarf úr skugga um hvaða leið sé best að fara í íþróttir, telur skólaráð að best sé að göngustígur vestan við gerfigrasvöll verði notaður. Sú leið virðist vera öruggust þar sem að miklu af snjó er mokað á gangbraut meðfram Dalsbraut sem nú er orðin stór umferðargata. Passa þarf að lýsingu verðið komið fyrir á leiðinni sem fyrst.

Fleira ekki skráð og skólaráði þakkað samstarfið síðasta vetur.
Elías Gunnar Þorbjörnsson ritaði fundargerð.